

## Uppbygging nýrra göngustíga í Fjallabyggð

Í fjárhagsáætlun Fjallabyggðar er gert ráð fyrir 20 milljónum í göngustígagerð. Með áætluninni kom engin nánari lýsing á hvaða stígar þetta væru eða forgangsröðun verkefna. Með þessu erindi vill nefndin leggja sitt af mörkum til að koma þessum málum í farveg, marka áætlun fyrir 2023 og leggja drög að áframhaldandi uppbyggingu stíga í sveitafélaginu.

Nefndin leggur til að stígar verði lagðir með malarslitlagi þar sem það á við, en þó byggðir upp með þeim hætti að hægt sé að leggja á þá bundið slitlag sé þess óskað seinna meir. Æskileg breidd á slitlagi eru að lágmarki 3,5m á malarslitlagi og 3m á bundnu slitlagi. Hafa þarf einnig í huga lýsingu eða möguleika á að bæta henni við eftir á sem og möguleg breiddaraukning þar sem stígar geta verið hluti af gönguskíðabraut.

Nefndin óskar eftir að tæknideild leggi fyrir nefndina tímasetta áætlun fyrir hvenær raunhæft væri að ráðast á neðangreindar framkvæmdir, stutta byggingarlýsingu, stöðu skipulags, ásamt kostnaðarmati á hönnun og framkvæmdum, svo óska megi eftir heimild bæjarráðs til að hefjast handa. Búi tæknideild yfir þekkingu á öðrum aðkallandi stígaverkefnum óskar nefndin einnig eftir sömu upplýsingum um þau verkefni.

### Tillaga nefndarinnar:

#### Ólafsfjörður

1. Stígur meðfram Ólafsfjarðarvatni, frá Brimnesi og Bakkabyggð og að þjóðvegi.
2. Stígur meðfram ós, frá höfn og að þjóðvegi.
3. Göngu- og hjólastígur að golfskála í Skeggjabrekkudal.
4. Stikun og merking á botnaleið í samræmi við úthlutun FFS.
5. Endurbygging á stíg frá vatni upp norðan við varnargarð við Hornbrekku.
6. Stígur frá golfvelli og áfram að vegi inn í Skeggjabrekkudal.
7. Kanna möguleika á stígagerð frá Bárubraut og að aðkomuvegi við vatnstank.
8. Tenging frá núverandi stíg við austan Ólafsfjarðarvatns upp í Bárubraut.
9. Áframhaldandi uppbygging á stíg meðfram Ólafsfjarðarvatni.

#### Siglufjörður

1. 1.áfangi í hönnun á náttúrustíg að rústum Evanger í samræmi við úthlutun FFS.
2. Framkvæmd á 1. áfanga á náttúrustíg að rústum Evanger í samræmi við úthlutun FFS.
3. Stikun og merking á botnaleið í samræmi við úthlutun FFS.
4. Göngu- og hjólastígur frá Ártúni að prestshól og niður á Hvanneyrarbraut.
5. Stígur meðfram nýrri byggð á Eyrarflöt og áfram meðfram tjörn að vestanverðu.
6. Framlenging á göngu- og hjólastíg við Snorrabraut að áningarstað, í samræmi við fyrirliggjandi deiliskipulagsuppdrátt
7. Stígur frá áningarstað á Saurbæjarási að malarvegi vestan Skútuár sem verður að Skógarstíg.
8. Viðhalda og búa til nýjar tengingar upp á snjóflóðagarðana.

Sjá annars meðfylgjandi skýringaruppdrátt.

f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar,

Arnar Þór Stefánsson, formaður



Mynd 1: Skýringaruppdráttur Siglufjirði. Göngu- og hjólastígar í grænu og stígar í rauðu. Botnaleið vantar á mynd. Línur við Langeyrtjörn eru bara lagðar inn til skýringar.

